

HVER ER SKILGREININGIN Á UMSÆKJANDA UM ALÞJÓÐLEGA VERND?



Sjá myndskleið: [hér](#)

Hægt er að skipta í tvo hópa, þá sem eru “með” og “á móti.”

Nemendur geta einnig notað spurningarnar til að varpa ljósi á og ræða niðurstöður hópanna og til að skrifa ritgerðir um skoðanir sínar og niðurstöður.

Aldur: Efnið hentar 15 ára nemendum og eldri.

Markmið: Spurningarnar í þessu verkefni má nota til að koma á umræðu í tímum og til að meta hvort nemendur hafi skilið grundvallarhugtök um flóttafólk, hæli/vernd og fólksflutninga.

1: Umsækjendur um alþjóðlega vernd geta verið fluttir í fangageymslur ef umsóknir þeirra eru ekki teknar gildar.

Hverjir eru kostirnir eða gallarnir við þetta?

2: Einnig er heimilt að senda hælisleitendur aftur til þess lands sem þeir komu frá.

Hverjir eru kostirnir eða gallarnir við þetta?

3: Það getur verið krefjandi að leggja mat á það hvort einstaklingar eiga rétt á að fá alþjóðlega vernd/hæli. Það er ekki bara erfitt að afla nýjustu upplýsinga um mismunandi öryggis- og stjórn málaáðstæður heldur er einnig dýrt að þjálfa matsfólk til að sjá um málefni hælisleitenda. Þjálfunin þarf að tryggja að matsfólkið sé samúðarfullt en á sama tíma með gagnrýna hugsun.

Hvað gæti talist sem lykilatriði sem þyrfti að þjálfa matsfólkið í?